

Fundargerð 61. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, þriðjudaginn 2. febrúar kl. 15:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um úrgangsmál - 2009105SA

Þann 15. janúar sl. birtust í samráðsgátt stjórnvalda drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar svokallaðs hringrásarhagkerfis. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði áður sent sambandinu drög að frumvarpinu þann 5. janúar sl. Ráðuneytið hafði þá fundað nokkrum sinnum með fulltrúm sambandsins um málið.

Í drögnum eru lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinnar plastvara á umhverfið. Jafnframt eru lagðar til breytingar á framleiðendaábyrgð á rafhlöðum og rafgeymum sem og varðandi skilagjald á ökutækjum.

Málið var áður á dagskrá fundar verkefnisstjórnarinnar þann 21. janúar sl. Sviðsstjóri, lögfræðingur og verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynntu drög að umsögn sambandsins. Verkefnisstjórnin ræddi drögin og þær umræður sem áttu sér stað á kynningarfundum umhverfis- og auðlindaráðherra og sambandsins með sveitarfélögunum þann 22. janúar og 28. janúar sl.

Starfsfólk sambandsins vinnur málið áfram og sendir verkefnisstjórninni umsögnina

Þegar búið er að uppfæra hana með hliðsjón af umræðum fundarins.

2. Önnur mál - 2009111SA

Næsti hefðbundni fundur verkefnisstjórnarinnar er áætlaður 12. febrúar.

Fundi var slitið kl. 16:30

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson